



Erindisbréf

UMHVERFIS – OG FRAMKVÆMDARÁÐ

1. gr. skipan ráðsins

Bæjarstjórn kýs, á fyrsta fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum 5 aðalmenn og jafnmarga varamenn í umhverfis- og framkvæmdaráð til eins árs. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann umhverfis- og framkvæmdaráðs úr hópi kjörinna ráðsmanna. Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en nær ekki kjöri í umhverfis- og framkvæmdaráð er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

2. gr. starfsmenn

Með ráðinu starfa sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar, umhverfis- og veitustjóri og aðrir starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs. Sviðsstjóri ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Hann situr fundi ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

3. gr. fundir

Umhverfis – og framkvæmdaráð skal að jafnaði halda fundi á föstum tíma eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafund skal halda er bæjarstjóri, formaður ráðsins eða að minnsta kosti tveir ráðsmenn óska þess. Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum. Ráðið getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins auk þess sem ráðið getur boðið utanaðkomandi aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Ráðsmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að ráðsmaður lætur af þeim störfum.

4. gr. undirbúningur funda og framkvæmd

Forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar undirbýr ráðsfundi í samráði við formann.

Fundarboð skal sent út ásamt dagskrá fundarins a.m.k. sólarhring fyrir fund. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar umhverfis- og framkvæmdaráðs getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

Fulltrúum ráðsins er skylt að sækja alla fundi þess nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Fulltrúum ráðsins er heimil þátttaka með rafrænum hætti, séu þeir staddir innan Hafnarfjarðar eða í embættiserindum innanlands sbr. heimild 17. greinar sveitarstjórnarlaga. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað. Ef um forföll til lengri tíma er að ræða skal tilkynna um þau til formanns.

Um hæfi ráðsmanna fer skv. 2. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga og ber ráðsmanni að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn.

Fundur telst lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur ráðsmanna er mættur á fundinn.



Hafnarfjörður

5. gr. fundarsköp

Formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar gilda um meðferð mála í ráðinu eftir því sem við á. Formaður úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í umhverfis- og framkvæmdaráði þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

6. gr. verkefni umhverfis- og framkvæmdaráðs

Verkefni umhverfis- og framkvæmdaráðs eru tilgreind í 77. grein Samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar en þar segir: „Umhverfis- og framkvæmdaráð fer með mál sem falla undir umhverfis- og framkvæmdamál, svo sem mannvirkjagerð, eignarekstur, veitustarfsemi og umferðar-mál, samkvæmt ákvæðum laga, málefni sem falla undir stjórn Sorpu bs. og stjórn Strætó bs. Ráðið annast þau verkefni sem gróðurverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018 og náttúruverndarnefnd samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið umhverfis- og framkvæmdaráði og einstökum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg, sbr. 41. og 42. gr. samþykktar þessarar.“

7. gr. afgreiðsla mála

Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar og bæjarráðs um afgreiðslu mála sem lúta að; gerð fjárhagsáætlunar, viðauka við fjárhagsáætlun, lántökum og gjaldskrá.

Samþykktum, reglugerðum og gjaldskrá sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra, skal vísað til bæjarstjórnar.

Umhverfis- og framkvæmdaráði er heimilt að staðfesta samninga viðskipta- og fjárhagslegs eðlis ef þeir rúmast innan ramma fjárhagsáætlunar ársins svo og að staðfesta samninga sem snúa að kaupum á föstum þjónustubáttum þó samið sé til lengri tíma. Öllum öðrum samningum skal vísað til samþykktar bæjarráðs/bæjarstjórnar sbr. samþykktar reglur um samninga.

Önnur þau mál sem umhverfis- og framkvæmdaráð fær til meðferðar hljóta að jafnaði fullnaðarafgreiðslu á vettvangi ráðsins nema bæjarstjórn ákveði annað eða lög mæla á annan veg. Ætíð skal þó vísa máli til afgreiðslu í bæjarstjórn ef 2 ráðsmenn hið minnsta óska þess.

Mál er afgreitt í umhverfis- og framkvæmdaráði með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu ráðs, bæjarstjórnar, eða sviðsstjóra. Ráðið getur vísað málum til umsagnar annarra ráða, fagnefndar eða sviðsstjóra. Ráðsmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu. Heimilt er að hafa bókanir lengri þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun og ársreikninga.

Umhverfis- og framkvæmdaráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.



Hafnarfjörður

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er heimilt að ákveða að fela öðrum aðilum en framkvæmdaráði afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Afgreiðslu slíkra mála má þó ætíð skjóta til umhverfis- og framkvæmdaráðs eða bæjarstjórnar. Umhverfis- og framkvæmdaráð setur nánari reglur um notkun slíkra heimilda og skulu þær staðfestar í bæjarstjórn.

8. gr. starfsnefndir

Umhverfis- og framkvæmdaráði er heimilt að skipa starfsnefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum og skal ráðið gefa út sérstakt umboð til slíkrar nefndar. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni starfsnefndar er lokið. Umhverfis- og framkvæmdaráð getur einnig afturkallað umboð slíkra starfsnefnda hvenær sem er.


9. gr. fundargerðir

Umhverfis- og framkvæmdaráði er heimilt að ráða sérstakan fundarritara utan ráðsins sem annast ritun fundargerða. Í fundargerð skal skrá númer fundar, þau mál sem eru á dagskrá fundarins og afgreiðslu þeirra auk þess sem skrá skal hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja fundinn. Ef afgreiðsla máls er ekki samhljóma skal skráð hvernig atkvæði skiptast. Fundargerðir eru skráðar með rafrænum hætti beint í fundarkerfi bæjarins. Í lok fundar skal fundargerð staðfest af ráðsmönnum með undirritun og í framahaldi birt á vefsíðu bæjarins. Um birtingu gagna með fundargerðum á vefsíðu bæjarins fer skv. samþykkt bæjarráðs frá 9. ágúst 2012 um Almennar reglur um birtingu gagna með fundargerðum á vef Hafnarfjarðarbæjar. Fundargerðir umhverfis- og framkvæmdaráðs skulu skráðar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka viðkomandi dagskrárlið sérstaklega fyrir enda er honum vísað til bæjarstjórnar. Fundargerðir skulu varðveittar í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 með síðari breytingum.

10. gr. lagagrunnur

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 24/2021 auk viðauka. Erindisbréf þetta hefur verið lagt fram í umhverfis- og framkvæmdaráði og samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 9. júlí 2026 og gildir frá þeim tíma þar til annað kann að verða ákveðið.

4. ágúst 2026


Þórður Þórarinnsson, bæjarstjóri

